

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 13. maí 2026.

Mál nr. E-5363/2025:

A

(Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 15. apríl 2026, höfðaði A, [...], 23. september 2025, gegn íslenska ríkinu, [...], Reykjavík.
- Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndi, íslenska ríkið, verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 6.000.000 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. desember 2024 til greiðsludags. Til vara er krafist lægri fjárhæðar í miskabætur að álitum, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum eins og greinir í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið sé ekki gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda en til vara er krafist verulegrar lækkunar þeirra. Þá er krafist málskostnaðar en til vara að hann verði látinn niður falla.
- Aðalmeðferð máls þessa fór fram samhliða aðalmeðferð í samkynja máli nr. E-5362/2025 vegna atvika er varða sömu lögreglurannsókn.

I. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

- Atvik þessa máls hafa áður verið til umfjöllunar hjá dómstólum, sbr. dóma Landsréttar 10. maí 2024 í máli nr. 247/2023 og 13. mars 2025 í máli nr. 533/2023, og teljast helstu atvik ágreiningislaus. Eins og fram kemur í dómunum og í gögnum máls þessa er atvik málsins að rekja til rannsóknar skattrannsóknarstjóra á skattskilum félagsins B fyrir árin 2012 til 2015 sem hófst 11. ágúst 2015 vegna tilkynningar ríkisskattstjóra um að grunur léki á um oftekinn innskatt og offærð rekstrargjöld í starfsemi félagsins. Stefnandi var sambýliskona annars stofnanda og eiganda félagsins. Kveður stefndi að við rannsókn

málsins hafi vaknað grunur um að stefnandi hefði tekið ákvarðanir sem lutu að fjármálum og skattskilum og komið fram sem raunverulegur framkvæmdastjóri félagsins. Stefnandi kveðst aftur á móti enga aðkomu hafa átt að stjórnskipulagi félagsins, hvorki sem hluthafi, stjórnarmaður né daglegur stjórnandi.

6. Skattrannsóknarstjóri vísaði málinu til embættis sérstaks saksóknara, nú héraðs-saksóknara, 19. nóvember 2015 til sakamálarannsóknar og fékk stefnandi réttarstöðu sakbornings við þá rannsókn.
7. Í kjölfarið var farið í gagnaöflun og rannsóknaraðgerðir hjá embætti sérstaks saksóknara. Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda að ekki væri ágreiningur um að hún hefði aðeins sætt þeim þvingunarúræðum sem lýst er í greinargerð stefnda. Verður þeim því lýst samkvæmt greinargerð stefnda og gögnum málsins.
8. Stefnandi var handtekin kl. 8:37 12. apríl 2016 í þágu rannsóknar málsins og sat í gæsluvarðhaldi til 19. apríl 2016, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 12. apríl 2016 sem staðfestur var í Hæstarétti 14. sama mánaðar. Í kjölfar handtökunnar var framkvæmd húsleit á heimili hennar samkvæmt úrskurði héraðsdóms sem aflað var degi fyrr. Samkvæmt handtökuskýrslu var stefnandi viðstödd húsleitina.
9. Auk framangreindra aðgerða sætti stefnandi kyrrsetningu á fasteign sinni að [...]. Stefnandi þurfti jafnframt að þola skoðun bankagagna samkvæmt dómsúrskurði 25. febrúar 2016 sem kveðinn var upp án vitneskju hennar. Þá voru haldlagðir fjármunir í hennar eigu, samtals að andvirði ríflega 2,2 milljónir króna.
10. Eftir úrvinnslu og greiningu á þeim gögnum sem lögregla aflaði var málinu vísað aftur til skattrannsóknarstjóra til þóknanlegrar meðferðar 7. október 2016. Skattrannsóknarstjóri vísaði síðan málinu að nýju til embættis héraðssaksóknara 28. nóvember 2018 vegna meintra brota á ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, laga nr. 145/1994, um bókhald, og eftir atvikum ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stefnandi var meðal tilgreindra sakborninga.
11. Í skýrslu um niðurstöðu rannsóknar skattrannsóknarstjóra kom fram að B hefði verið að jöfnu í eigu C og D og að þeir hefðu báðir, auk stefnanda, sambýliskonu D, komið að ákvarðanatöku fyrir félagið, enda þótt stefnandi hefði ekki haft formleg stjórnartengsl. Bókhald hefði ekki verið fært. Misbrestur hefði verið á skilum virðisaukaskattsskýrslna á tilgreindum uppgjörstímabilum 2012 og skilað hefði verið efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna allra annarra uppgjörstímabila á þeim tíma sem

rannsóknin laut að. Oftalinn tilhæfulaus innskattur B á rekstrarárunum 2012 til og með 2015 næmi samtals 67.639.912 krónum.

12. Kyrrsetning á þeim eignum stefnanda sem kyrrsettar höfðu verið í þágu rannsóknar málsins var felld úr gildi að kröfu stefnanda með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 12. febrúar 2021 í máli nr. K-3176/2020. Vísað var til þess að rannsóknin hefði dregist svo mjög að ekki væri réttlætanlegt að kyrrsetning héldi gildi sínu. Ekki liggur fyrir að sá úrskurður hafi verið kærður. Haldlögðum fjármunum var skilað 9. apríl 2021 eins og millifærslukvittun sýnir.
13. Ákæra var gefin út í málinu 21. október 2021 á hendur fimm sakborningum, þar á meðal stefnanda en hún sýknuð 10. maí 2023 með endanlegum dómi Landsréttar í áður nefndu máli nr. 247/2023. Sambýlismaður hennar var hins vegar sakfelldur með sama dómi. Stefndi tekur fram að með dóminum sé staðfest að gefnir hafi verið út og greiddir tilhæfulausir reikningar frá nánar tilgreindum fjórum fyrirtækjum til B.
14. Við þetta er því að bæta að B var úrskurðað gjaldþrota 9. nóvember 2017. Með endanlegum og áður nefndum dómi Landsréttar í máli nr. 533/2023 var stefnandi dæmd til að greiða þrotabúi félagsins 61.190.250 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu á nánar tilgreindu tímabili. Fjárhæð höfuðstólsins samsvaraði þeirri fjárhæð sem talið var sannað að stefnandi hefði tekið út af reikningum félagsins í reiðufé og var það niðurstaða dómsins að um væri að ræða óheimil lán í andstöðu við 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, enda hefði stefnandi ekki getað gert grein fyrir því með hvaða hætti úttektirnar voru hagnýttar í þágu félagsins frekar en í eigin þágu.
15. Með bréfi lögmanns stefnanda til embættis ríkislögmans, dags. 19. janúar 2023, var krafist bóta úr hendi stefnda vegna þeirra þvingunaraðgerða sem stefnandi mátti sæta undir rannsókn málsins. Stefndi tekur fram að krafan hafi enn verið í vinnslu hjá embættinu þegar mál þetta var höfðað. Átelur stefnandi þann seinagang sem valdið hafi því að stefnanda sé nauðugur einn sá kostur að höfða mál þetta til að leita réttar síns og fá úrlausn um kröfu sína.
16. Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu en ekki voru gefnar vitnaskýrslur.

II. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

17. Stefnandi kveður kröfu sína um skaða- og miskabætur vera reista á ákvæðum XXXIX. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, einkum hlutlægri bótareglu 246. gr. laganna, auk almennra skaðabótareglna, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og stjórns-

skipulegra ákvæða, einkum 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. og 6. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu.

A. Réttur til bóta vegna sýknu og niðurfellingar máls

18. Stefnandi byggir á því að hún hafi verið sýknuð með endanlegum dómi Landsréttar í máli nr. 247/2023 og eigi því skýlausan rétt á bótum vegna þeirra þvingunarráðstafana sem hún sætti samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.
19. Þá byggir stefnandi á því að ekki sé með nokkrum hætti hægt að líta svo á að hún hafi valdið eða stuðlað að aðgerðunum sem beitt var gegn henni, sbr. 2. mgr. 246. gr. sömu laga. Til hliðsjónar er vísað til dóms Landsréttar í máli nr. 589/2018.
20. Stefnandi byggir á því að aðgerðir ákæru- og rannsóknarvalds verði felldar undir hlutlæga bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008. Þá hafi sömu aðilar með aðgerðum sínum valdið stefnanda miska og stefnandi því öðlast skaðabótakröfu á hendur stefnda á grundvelli sakarreglunnar, sbr. heimild b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um miska-bætur.

B. Miskabætur vegna handtöku, gæsluvarðhalds og annarra þvingunarráðstafana

21. Stefnandi bendir á að hún hafi verið handtekin og sætt sjö daga gæsluvarðhaldi. Þá hafi heimili hennar verið kyrrsett og hún sætt húsleit, haldlagningu muna og símahlustun. Gengið hafi verið mjög nærri stefnanda persónulega og framkvæmd yfirheyrslna hafi verið með verulega íþyngjandi hætti. Hún hafi átt ungan son á þessum tíma og hafi þessi atvik haft veruleg áhrif á fjölskylduhagi hennar og einkalíf.
22. Stefnandi vísar til 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og til þess að í dómaframkvæmd hafi verið áréttað að slíkar frelsissviptingar, þegar sakleysi er staðfest, leiði til bótaskyldu. Er í stefnu vísað til dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. E-5183/2005, E-1572/2014, E-436/2015, E-773/2016, E-989/2020 og E-5658/2021.
23. Stefnandi byggir á því að kyrrsetning heimilis hennar hafi verið íþyngjandi og haft veruleg áhrif á líf hennar. Til hliðsjónar er í þessu sambandi vísað til dóms Landsréttar nr. 808/2018.

C. Miskabætur vegna óhóflegs málsmeðferðartíma

24. Stefnandi byggir á því að rannsókn sakamálsins hafi dregist á langinn, frá hausti 2015 fram að sýknudómi í maí 2024 hafi liðið rúmlega átta ár. Þessi óhóflegi dráttur brjóti gegn 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu um rétt til réttlátrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma. Er í þessu sambandi til hliðsjónar

vísað til dóma Landsréttar í málum nr. 808/2018 og nr. 143/2023, sem og til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5183/2005.

D. Miskabætur vegna heilsutjóns og álitshnekkis

25. Aðgerðirnar gegn stefnanda, einkum handtakan, hið langa gæsluvarðhald og hinn langi málsmeðferðartími, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á heilsu hennar og valdið henni miklum miska. Læknisvottorð staðfesti versnun á [...] sjúkdómi hennar og alvarleg áhrif á andlega heilsu, þar á meðal þunglyndi, kvíða, svefntruflanir og félagsfærni. Að mati stefnanda séu þessi heilsufarslegu áhrif bein afleiðing af hinu ólögumæta innngripi rannsóknar- og ákærvalds í líf hennar.
26. Stefnandi hafi ítrekað leitað sér aðstoðar vegna heilsubreysts í kjölfar aðgerða rannsóknar- og ákærvaldsins á hendur henni. Hún hafi átt í margvíslegum erfiðleikum og ítrekuðum áföllum og hafi glímt við andlegar afleiðingar af þessu alvarlega innngripi í líf sitt. Læknisvottorð frá 18. desember 2024 staðfesti að sjúkdómur stefnanda, [...], hafi versnað til muna eftir harkalega handtöku og gæsluvarðhald ásamt mikilli áfallastreitu. Hún hafi þurft að leita sér aðstoðar vegna þunglyndis, kvíða, svefntruflana og félagsfærni og sé í áfallastreitumeðferð vegna eftirkasta sakamálsins. Málið hafi hvílt þungt á stefnanda, enda hafi hún haft stöðu sakbornings til margra ára. Sé gerð krafa um miskabætur vegna þessa, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, með vísan til þess að hvorutveggja dráttur og eins aðgerðir rannsóknar- og ákærvaldsins varði brot á friði og æru stefnanda og hafi valdið henni verulegri áþján, andlega og líkamlega.
27. Til hliðsjónar, til stuðnings bótakröfum sínum, vísar stefnandi til dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. E-1141/2018 og nr. E-6632/2020.
28. Stefnandi byggir á því að fjárhæð miskabótakröfu hennar, 6.000.000 króna, sé í hóf stillt miðað við atvik máls. Fordæmi séu fyrir því að dómstólar hafi fallist á slíkar fjárhæðir, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 48/2022. Hér hafi frelsissvipting stefnanda varað í sjö daga en því til viðbótar hafi verið beitt ýmsum íþyngjandi rannsóknarúrræðum, auk óhóflegs og algjörlega óútskýrðs dráttar á málsmeðferð í átta ár. Þá liggi fyrir læknisfræðileg gögn sem styðji það að aðgerðir gegn stefnanda í málinu hafi haft alvarlegar afleiðingar á heilsu hennar, þar á meðal versnun á [...] og áfallastreitu. Byggir stefnandi á því að þegar horft sé heildstætt á málið séu yfirgnæfandi líkindi til þess að saman hafi tvinnast alvarleiki og áhrif aðgerðanna, sérstaklega frelsissviptingar og óhóflegs dráttar á málsmeðferð, við versnandi og alvarlegt heilsufarsleg áhrif.

E. Ábyrgð íslenska ríkisins

29. Stefnandi bendir á að stefndi beri hlutlæga ábyrgð á bótakröfum samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008. Auk þess sé stefndi ábyrgur fyrir athöfnum starfsmanna sinna samkvæmt almennum reglum um vinnuveitendaábyrgð. Þá bendir stefnandi á að samkvæmt 248. gr. laga nr. 88/2008 geti stefndi átt endurkröfu á hendur lögreglumanni, ákæranda eða öðrum ef þeir hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið þeim aðgerðum sem krafa var reist á eða framkvæmt þær með sama hætti. Sýni þetta að mati stefnanda að ábyrgð gagnvart miska þeim er stefnandi varð fyrir hvíli fyrst og fremst á stefnda, íslenska ríkinu.

F. Krafa um vexti

30. Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá kröfu um vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sem höfð var uppi í stefnu. Aftur á móti er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá 28. desember 2024, er mánuður var liðinn frá kröfubréfi, til greiðsludags.
31. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt varðandi kröfu um virðisaukaskatt á tildæmdan málskostnað.

III. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

32. Stefndi mótmælir málsástæðum og málatilbúnaði stefnanda í öllum meginatriðum sem röngum, órökstuddum og ósönnuðum. Stefndi byggir á því að skilyrði bótaskyldu á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu ekki uppfyllt. Þá verði um bótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda ekki byggt á 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, enda verði ekki annað séð en að stefnandi hafi sjálf valdið þeim þvingunaraðgerðum sem henni var gert að sæta undir rannsókn málsins, sbr. síðari málslið 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.
33. Í dómaframkvæmd hafi lögmæti þvingunaraðgerða við rannsókn sakamála ekki verið talið skipta máli við mat á bótaskyldu samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 séu bótaskilyrðin í 1. mgr. ákvæðisins fyrir hendi. Þannig hafi það ekki verið talið skipta máli hvort lögmæt skilyrði hafi brostið til aðgerða sem hafi haft í för með sér tjón eða að ekki hafi verið nægilegt tilefni til að grípa til þeirra eða þær farið fram á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.
34. Allt að einu byggir stefndi á því að þær aðgerðir sem gripið hafi verið til gagnvart stefnanda og krafist sé miskabóta vegna hafi verið í samræmi við heimildir laga um meðferð sakamála. Fullt tilefni hafi verið til aðgerðanna og hafi framganga ákærvaldsins og

skattýfirvalda í tengslum við rannsókn málsins verið í fullu samræmi við skráðar og óskráðar réttarreglur sem þar um gilda. Játa verði fulltrúum ákærvaldsins ákveðið svigrúm við val á því hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar til að upplýsa sakamál þegar rökstuddur grunur sé fyrir hendi. Engar þær aðgerðir sem stefnandi hafi þurft að þola undir rannsókn málsins geti talist hafa verið ólögsmætar eða ómannúðlegar. Öndverðum fullyrðingum í stefnu sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

35. Stefnandi hafi verið sambýliskona annars af eigendum B og megi ráða af gögnum málsins að hún hafi með virkum hætti a.m.k. aðstoðað hann við rekstur félagsins. Rökstuddur grunur hafi verið uppi um umfangsmikil og alvarleg brot í starfsemi þeirri sem félagið hafði ástundað. Í ljósi aðkomu stefnanda að rekstrinum verði ekki annað séð en að það hafi verið eðlileg og nærtæk ráðstöfun að handtaka hana og krefjast gæsluvarðhalds yfir henni í upphafi rannsóknar til að tryggja návist hennar og til að aftra því að hún gæti með einum eða öðrum hætti hindrað framgang rannsóknarinnar.
36. Stefndi byggir jafnframt á því að aðrar þær aðgerðir sem stefnandi mátti sæta, þ.e. húsleit, kyrrsetning eigna, haldlagning fjármuna og skoðun bankagagna, verði að teljast eðlilegar og í fullu samræmi við meðalhóf þegar litið sé til eðlis og umfangs þeirra brota sem stefnandi hafi sætt rannsókn vegna.
37. Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að stefnandi hafi sætt símahlustun. Sími stefnanda hafi ekki verið hleraður undir rannsókn málsins.
38. Fyrir liggir að stefnandi hafi verið borin sökum í sakamáli og sætt þvingunaraðgerðum samkvæmt þeim köflum laga nr. 88/2008 sem getið er í 2. mgr. 246. gr. laganna. Hún hafi síðar verið sýknuð með endanlegum dómi. Að því leyti séu skilyrði 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 uppfyllt. Stefndi krefjist engu að síður sýknu af bótakröfu stefnanda vegna þessara aðgerða með vísan til þeirrar heimildar sem kveðið er á um í síðari málslið 2. mgr. ákvæðisins til að fella niður bætur til sakbornings í þeim tilvikum þar sem hann hefur sjálfur valdið eða stuðlað að aðgerðunum gegn sér.
39. Samkvæmt 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 hafi dómur Landsréttar í máli nr. 247/2023 fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til hið gagnstæða er sannað. Af því leiði að fyrir liggir sönnun um að fjármunir af reikningum B hafi, ýmist með millifærslum eða reiðufjárúttektum, runnið til greiðslu tilhæfulausra reikninga svo sem nánar greini í niðurstöðu dómsins.
40. Samkvæmt endanlegum dómi Landsréttar 13. mars 2025 í máli nr. 533/2023 liggir fyrir að stefnandi hafi tekið út 61.190.250 krónur í reiðufé af reikningum B á árunum 2012 til

2015 án þess að geta gert grein fyrir því með hvaða hætti fjármunirnir voru nýttir í þágu rekstrar félagsins. Úttektirnar hafi því talist í andstöðu við 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994.

41. Stefndi byggir á því að allar þær aðgerðir sem stefnandi hafi mátt sæta undir rannsókn sakamálsins hafi verið fyrirsjáanleg og sennileg afleiðing af framangreindri ólögmætri háttsemi hennar sjálfrar. Af þessu leiði að skilyrði síðari málsliðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 til að fella niður bætur til hennar séu uppfyllt.
42. Stefndi mótmælir einnig að slíkur dráttur hafi orðið á rannsókn málsins að sakarskilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga geti talist uppfyllt. Til þess að til bótaskyldu geti komið á grundvelli ákvæðisins þurfi stefnandi að sýna fram á að starfsmenn stefnda hafi með háttsemi sinni brotið gegn frelsi hans, friði, æru eða persónu af ásetningi eða verulegu gáleysi. Einfalt gáleysi nægi ekki. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hinn langi málsmeðferðartími verði rakinn til saknæmrar háttsemi einhvers sem stefndi geti borið vinnuveitendaábyrgð á. Í þessu sambandi verði ekki framhjá því litið að rannsókn málsins hafi verið umfangsmikil að gögnum og beinst gegn mörgum sakborningum og mörgum félögum. Ekkert í málinu bendi til að það hafi tafist verulega meira en almennt gerist um sambærileg mál.
43. Í þessu sambandi og í tilefni af málatilbúnaði í stefnu skuli sérstaklega á það bent að kyrrsetning á fasteign stefnanda hafi einungis leitt til þess að hún gat ekki ráðstafað henni til annarra aðila. Þá verði að líta til þess að kyrrsetningunni hafi verið aflétt í febrúar 2021 en endurnýjuð með dómi Landsréttar 13. mars 2025 í máli nr. 533/2023. Ekki verði séð að stefnandi hafi gert tilraunir til að ráðstafa eigninni á árunum 2021 til 2025. Engin gögn í málinu bendi til að kyrrsetningin ein og sér hafi valdið stefnanda sérstökum miska.
44. Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda um að brotið hafi verið gegn ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu við rannsókn sakamálsins á hendur henni enda hafi lagaskilyrði verið uppfyllt varðandi allar þær aðgerðir sem gripið hafi verið til og framkvæmd þeirra hafi verið með lögmætum hætti.
45. Varakrafa stefnda um lækkun á dómkröfum stefnanda byggi á öllum sömu málsástæðum og raktar séu hér að framan varðandi kröfu um sýknu. Þá sé fjárhæð kröfu stefnanda mótmælt sem allt of hárrí og í engu samræmi við dómaframkvæmd og lyktir sambærilegra mála. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram sem sýni fram á að miski hennar sé meiri en almennt hljótist af sambærilegum aðgerðum.

46. Í þessu sambandi sé því sérstaklega mótmælt að með gögnum málsins, þar á meðal læknisvottorðum, sé fram komin sönnun um orsakatengsl milli vanheilsu stefnanda og tímalengdar rannsóknarinnar eða þeirra þvingunaraðgerða sem hún hafi mátt sæta undir rannsókn málsins eða að miski hennar sé meiri en annarra sem sæti sambærilegum aðgerðum.
47. Þar sem fallið hefur verið frá vaxtakröfu stefnanda samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu er óþarft að rekja hér mótmæli stefnda við þeirri kröfu.
48. Til stuðnings málskostnaðarkröfu vísar stefndi til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991.
49. Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnda mótmælt sem nýrri og of seint fram kominni málsástæðu því sem fram kom í fyrri ræðu lögmanns stefnanda og laut að því að aðgerðir lögreglu hafi ekki samræmst meðalhófsreglum.

IV. Niðurstaða

50. Í upphafi ber að hafna framangreindum mótmælum stefnda um tiltekna of seint fram komna málsástæðu, enda fólu umrædd ummæli lögmanns stefnanda ekki í sér annað en mótmæli við málsástæðu í greinargerð stefnda um að fella bæri niður eða lækka bætur á grundvelli síðari málsliðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Þeirri málsástæðu stefnda þurfti ekki að svara fyrirfram í stefnu og telst því ekki um of síðbúin mótmæli að ræða.
51. Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 á maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann væri talinn ósak-hæfur. Ágreiningslaust er að þetta skilyrði laganna telst uppfyllt í máli þessu, enda var stefnandi sýknuð af öllum sakargiftum með dómi Landsréttar í sakamáli nr. 247/2023. Þá er ágreiningslaust að stefnandi sætti tilteknum þvingunaraðgerðum sem falla undir þá kafla laga nr. 88/2008 sem getið er í 2. mgr. 246. gr. laganna og er umfang þeirra jafnframt orðið óumdeilt með málflutningsyfirlýsingu lögmanns stefnanda. Er að því leyti einnig uppfyllt skilyrði fyrri málsliðar 2. mgr. greinarinnar. Ágreiningur stendur hins vegar um það hvort stefnandi hafi valdið eða stuðlað að framangreindum aðgerðum lögreglu, þannig að heimild standi til að fella niður eða lækka bætur til hennar, sbr. síðari málslið 2. mgr. greinarinnar. Þá er deilt um það hvort slíkur dráttur hafi orðið á meðferð málsins að stefnanda beri réttur til miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.
52. Réttur manna til skaðabóta vegna frelsissviptingar að ósekju er varinn af 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í

ljósi meginreglunnar um bótarétt sakaðra manna við þær aðstæður sem lýst er í 246. gr. laga nr. 88/2008, sem felur í sér hlutlæga bótareglu, ber að skýra þröngt heimild sama lagaákvæðis til að fella niður bætur eða lækka þær vegna þess að maður hafi valdið þeim eða stuðlað að þeim sjálfur. Ber stefndi sönnunarbyrði fyrir því að stefnandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, í samræmi við hina almennu reglu skaðabótaréttar um meðábyrgð tjónþola. Til þess að svo verði talið þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt, eins og ítrekað hefur komið fram í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóm Landsréttar 16. desember 2022 í máli nr. 599/2021. Hið fyrra er að orsakatengsl séu milli háttsemi sakbornings og þeirrar þvingunarráðstöfunar sem hann mátti sæta. Hið síðara er að þvingunarráðstöfun þurfi að vera fyrirsjáanleg afleiðing háttsemi sakbornings.

53. Í grunninn byggir stefndi á því að stefnandi hafi stuðlað að þeim þvingunarúrræðum sem hún var beitt með þeirri háttsemi sem leiddi til þess að hún var dæmd til að greiða þrotabúi B ríflega 61 milljón króna í skaðabætur með dómi Landsréttar í máli nr. 533/2023. Samkvæmt dóminum var um að ræða fjölda úttekta hennar af reikningum félagsins á árabílinu 2012 til 2015 sem virtar voru sem ólögð lánþekking, sbr. 79. gr. laga nr. 138/1994, þar sem stefnanda, sem var stefnt í því máli, tókst ekki að sanna annað. Jafnvel þótt orsakatengsl yrðu talin fyrir hendi verður stefndi að bera hallann af því að ósannað er að þær þvingunaraðgerðir sem stefnandi var beitt á árinu 2016 teljist fyrirsjáanleg afleiðing af þeirri háttsemi. Ekki er á því byggt að hún hafi með öðrum hætti stuðlað að þeim þvingunarúrræðum sem hún var beitt. Eins og fyrr sagði er um undantekningu frá meginreglu um bótarétt sakaðra manna að ræða, samkvæmt hlutlægri bótareglu. Því þykja ekki skilyrði til þess að beita heimildarákvæði síðari málslíðar 2. mgr. 246. gr. til að fella niður eða lækka bætur til stefnanda. Verða stefnanda því dæmdar miskabætur á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu vegna þeirra þvingunaraðgerða sem óumdeilt er að hún sætti. Að umfangi þeirra verður vikið síðar.
54. Frá því að stefnandi var handtekin í apríl 2016 þar til ákæra var gefin út í október 2021 liðu um fimm og hálf ár. Töldu dómstólar á báðum dómstigum í landsréttarmáli nr. 247/2023 um verulegan og óútskýrðan drátt á málinu að ræða. Verður það lagt til grundvallar hér og jafnframt að í ljósi málsatvika hafi sá dráttur vegið að persónu og æru stefnanda. Þykja því uppfyllt skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga til þess að dæma stefnanda miskabætur vegna þess dráttar sem varð á málinu áður en ákæra var gefin út. Þótt málið hafi einnig tekið langan tíma í meðförum dómstóla verður ekki séð að um óútskýrðan drátt sé að ræða og umfram það sem almennt gerist.

55. Í málinu hafa verið lögð fram læknisvottorð og önnur læknisfræðileg gögn til stuðnings því að aðgerðirnar og dráttur á málinu hafi haft veruleg neikvæð áhrif á heilsu stefnanda og þannig aukið miska hennar. Þótt þau gögn renni stoðum undir það að stefnandi hafi sannarlega orðið fyrir miska, einkum þá vegna þeirrar frelsissviptingar sem hún sætti, verður ekki talið að með þeirri sönnunarfærslu sem fram hefur farið sé fram komin sönnun þess að miski hennar á þeim lagagrundvelli sem krafan er byggð sé annar og meiri en almennt gerist þegar fólk sætir slíkum þvingunarúrræðum. Fer því fjarri að fjárhæð miskabóta samkvæmt aðalkröfu stefnanda sé í hóf stillt, miðað við dómaframkvæmd, og verður henni því hafnað en bætur verða dæmdar að álitum í samræmi við varakröfu stefnanda.
56. Samkvæmt framanrituðu verða stefnanda dæmdar miskabætur samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 vegna allra þeirra þvingunarúrræða sem hún sætti vegna málsins og falla undir viðeigandi kafla laga nr. 88/2008, þ.e. handtöku, gæsluvarðhalds, húsleitar, afnáms bankaleyndar, haldlagningar fjármuna og kyrrsetningar á fasteign, sem og á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga vegna þess verulega og óútskýrða dráttar sem varð á rannsókn og útgáfu ákæru. Við ákvörðun bóta vegur þyngst frelsissviptingin sem hún sætti og þykir rétt að líta til þess að samkvæmt gögnum málsins sætti hún einangrun í gæsluvarðhaldinu, enda þótt ekki hafi verið sérstaklega á því atriði byggt í stefnu. Þykja miskabæturnar hæfilega ákveðnar að álitum í einu lagi, með hliðsjón af dómaframkvæmd, að fjárhæð 1.400.000 krónur.
57. Dráttarvaxtakrafa stefnanda styðst við þau ákvæði laga nr. 38/2001 sem greinir í stefnu og hefur henni ekki verið sérstaklega andmælt. Verða miskabætur því dæmdar með dráttarvöxtum eins og krafist er.
58. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, útgefnu 7. maí 2026. Samkvæmt 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 greiðist allur gjafsóknarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns hennar sem þykir hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir, eftir efni og umfangi málsins og með nokkurri hliðsjón af tímayfirliti lögmannsins. Jafnframt er litið til þess að samhliða máli þessu flutti sami lögmaður annað samkynja mál vegna í meginatriðum sama sakarefnis. Samkvæmt dómvenju er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun gjafsóknarþóknunar.

59. Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður fyrir stefnda. Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 1.400.000 krónur í miskabætur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 28. desember 2024 til greiðsludags.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns hennar, Ingólfs Vignis Guðmundssonar, 900.000 krónur.

Hildur Briem